

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 154. löggjafarþings, frá 21. júní 2024 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 10. september 2024.

Gjört á Bessastöðum, 22. júní 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Alþingi samþykkti hinn 22. júní 2024 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 154. löggjafarþings, frestað hinn 23. júní 2024.

Forsætisráðuneytinu, 26. júní 2024.

Bjarni Benediktsson.

Páll Þórhallsson.